

ásamt meðdómsmönnum Stefáni M. Stefánssyni, settum prófessor, og Vilhjálmi Þorlákssyni byggingaverkfræðingi.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður dæmist ekki.

Mánudaginn 22. desember 1975.

Nr. 122/1973. **Ásdís M. Sigurðardóttir**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Jósep Valgeirssyni f. h.

Bíalaleigunnar Heiði

(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson
og Magnús Þ. Torfason.

Ómerking. Heimvísun. Fjárnámsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 21. ágúst 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Krefst hún þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hún sýknu af kröfum stefnda og enn til vara lækkunar á kröfum hans. Þá krefst áfrýjandi, að fellt verði úr gildi fjárnám, sem stefndi lét fram fara til tryggingar dæmdum fjárhæðum 10. júlí 1973. Í öllum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða fjárnáms. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Keflavíkur 24. janúar 1973. Sótt var þing af hendi beggja málsaðilja og bókað, að

málinu sé með samkomulagi frestað til 7. febrúar s. á. Málið var tekið fyrir þann dag, og var enn sótt þing af hendi beggja aðilja. Er þá bókað, að málinu sé frestað með samkomulagi til 21. febrúar 1973 til ritunar greinargerðar af hendi áfrýjanda. Er málið kom fyrir á bæjarþingi þann dag, var eigi sótt þing af hendi áfrýjanda og málið dómtekið að kröfu stefnda.

Í héraði byggði stefndi kröfur sínar eingöngu á ákvæði 1. mgr. 9 gr. skilmála, er hann taldi hafa gilt um leigu bifreiðarinnar. Ákvæði þetta er þó ekki skráð á það frumrit leigusamningsins, sem lá fyrir héraðsdómi, undirritað af málsaðiljum. Meðal málsgagna var hins vegar óútfyllt eyðublað samningsafrits, sem á voru prentaðir almennir samningsskilmálar, þ. á m. umrædd 9. gr. Í bréfi lögmanns áfrýjanda, dags. 22. september 1972, sem einnig var meðal þeirra gagna, er lögð voru fyrir héraðsdóm, var því haldið fram, að áfrýjandi hefði tekið bifreiðina á leigu „fulltryggða og með venjulegum kjörum og án allra skuldbindinga af sinni hálfu að því er varðar venjuleg og óhjákvæmileg umferðaróhöpp“.

Eins og hér stóð á, var rétt, sbr. niðurlagsákvæði 114. gr. laga nr. 85/1936, að héraðsdómari leitaði nánari skýringa stefnda (stefnanda í héraði) á því, hverjar skyldur hann teldi áfrýjanda hafa tekist á hendur við gerð leigusamningsins, og innti hann sérstaklega eftir því, hvernig gert hafði verið úr garði það samningseintak, sem honum bar að fá áfrýjanda í hendur, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 127/1960. Samkvæmt þessu þykir rétt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð frá og með þinghaldi 21. febrúar 1973 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Samkvæmt framangreindu ber að fella úr gildi hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins frá og með þinghaldi 21. febrúar 1973 eru ómerk, og er málinu vísað

heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er felld úr gildi.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 5. apríl 1973.

Mál þetta, sem þingfest var 24. janúar og dómtekið 21. febrúar sl., hefur Garðar Garðarsson héraðsdómslögmaður, Tjarnargötu 3, Keflavík, f. h. Jóseps Valgeirssonar, Holtsgötu 21, Ytri-Njarðvík, vegna Bílaleigunnar Heiði, sama stað, höfðað fyrir bæjarþingi Keflavíkur með stefnu, birtri 11. janúar sl., gegn Ásdísi M. Sigurðardóttur, Borgarvegi 3, Ytri-Njarðvík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 57.000 auk 1% vaxta á mánuði og fyrir brot úr mánuði frá 14. september 1972 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi lét mæta við þingfestingu málsins og fékk hálfsmánadarfrest til greinargerðar. Stefndi mætti ekki við fyrirtöku málsins þann 21. febrúar sl., og var málið þá dómtekið að kröfu stefnanda.

Málavextir eru þeir, að stefnda tók bifreið á leigu hjá einka-fyrirtæki stefnanda, Bílaleigunni Heiði í Njarðvík, en það fyrirtæki leigir út bifreiðar án ökumanns. Ók stefnda síðan bifreiðinni (G 6597) norður Reykjanesbraut, að eigin sögn á 90—100 km hraða miðað við klukkustund. Þegar komið var upp á hæðina norðan Krýsuvíkuraflleggjarans, kvaðst stefnda hafa litið til hliðar, en þá hefði bifreiðin sennilega farið út af steypa veginum og hefði stefnda misst vald á bifreiðinni, svo hún valt og hafnaði utan brautar. Við veltuna varð tjón á bifreiðinni G 6597 að fjárhæð kr. 103.232, en af þeirri fjárhæð greiddi váttryggingarfélag bifreiðarinnar kr. 60.232, en kr. 43.000 varð stefnandi að greiða, og er það hluti af stefnukröfu hans. Einnig gerir stefnandi kröfu um greiðslu á kr. 1.000 á dag vegna rekstrarstöðvunar í 14 daga, eða kr. 14.000, og þá er fengin stefnufjárhæðin, kr. 57.000.

Stefnandi byggir kröfu sína á 9. gr. leiguskilmálanna um bifreiðina, en þar segir:

„Verði tjón á mönnum eða munum vegna ölvunar eða vítaverðs gáleysis leigutaka við akstur bifreiðarinnar, ber leigutaka að greiða allar bætur, sem af slíku tjóni leiðir. Leigutaki ber alla

ábyrgð á greiðslu bóta vegna tjóns, er hann veldur á hinni leigðu bifreið eða öðru, að umsömdum leigutíma liðnum“.

Stefnandi telur engan vafa á, að stefnda hafi sýnt af sér víta-vert gáleysi með hröðum og ógætilegum akstri og hafi hún sjálf gefið skýrslu um það atriði.

Samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 verður að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Þar sem engir þeir gallar eru á málatilbúnaði stefnanda, er frávísun varða, framlögð gögn eru í samræmi við dómkröfur stefnanda og kröfurnar þykja réttmætar, verða þær teknar til greina.

Málskostnaður tildæmist kr. 9.000.

Jón Eysteinnsson kvað upp dóm þennan, en dómsuppkvaðning hefur dregist vegna veikinda dómarans.

Dómsorð:

Stefnda, Ásdís M. Sigurðardóttir, greiði stefnanda, Jósep Valgeirssyni f. h. Bílaleigunnar Heiði, kr. 57.000 með 1% dráttarvöxtum á mánuði frá 14. september 1972 til greiðsludags og kr. 9.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu

10. júlí 1973.

Ár 1973, þriðjudaginn 10. júlí, er fógetadómur Gullbringu- og Kjósarsýslu settur að Borgarvegi 3, Ytri-Njarðvík, og haldinn með undirrituðum vottum af Ólafi Jónssyni.

Fyrir er tekið fógetamálið: Bílaleigan Heiði gegn Ásdísi M. Sigurðardóttur.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 endurrit dóms.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Leo Löve og krefst fjárnáms fyrir kr. 57.000 með 1% vöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 14. september 1972 til greiðsludags, kr. 330 í kostnað af endurriti og birtingu dóms, kr. 9.000 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, sem býr hér, er sjálf viðstödd.

Mætta kveðst aðspurð ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnir mættu um sannsögli og skorar á hana að benda á eignir til fjárnáms.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mættu

lýsir fógæti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, sjónvarpstæki, tegund Sony, sambyggðu útvarpstæki og magnara, tegund Bella Music, ásamt hátölurum og borðstofusetti (2 sófum og stól með gráu áklæði ásamt sófaborði).

Fallið er frá virðingu.

Fógæti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mættu, sem er ólöglærð, og brýnir m. a. fyrir henni, að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Þriðjudaginn 23. desember 1975.

Nr. 146/1974. **Kaupfélag Patreksfjarðar og Samvinnutryggingar g/t**

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

D og gagnsök

(Benedikt Blöndal hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. september 1974. Þeir krefjast sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, sem varð fjárráða eftir uppsögu héraðsdóms og fer sjálfur með mál sitt fyrir Hæstarétti, hefur áfrýjað málinu með stefnu 23. desember 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m. Hann krefst þess, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða honum óskipt 220.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 13. mars 1961 til 16. maí 1973, en 9%